

## **Stjórnarfundur Leiðsagnar 15. febrúar 2024 kl. 20:00.**

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) formaður, Halldór Kolbeins (HK) varaformaður, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) gjaldkeri, Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ) ritari, Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ). Fundurinn er fjárfundur.

Formaður setur fund kl.20:05

SAÁ fer fram á **breytingar á fyrirhugaðri dagskrá** og vill að nýr liður verði settur fremst. Breytingar á dagskrá samþykktar af öllum nema GME. SAÁ setur fram tillögu um starfsreglur stjórnar um fundarritun - liður 6 í starfsreglum. Tillagan er eftirfarandi: Ef stjórnarmenn óska eftir að leggja fram bókun til áréttingar umfjöllun um einstakan dagskrárlið á fundinum þá hafa þeir 5 mínútur til að leggja fram þá bókun og fundarhlé er gert á meðan. Dugi það ekki til geta stjórnarmenn tekið málið upp á næsta fundi undir liðnum önnur mál. Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum af fimm.

Að þessari breytingartillögu að dagskrá samþykkt, færast liðir í auglýstri dagskrá til og verður sá sem var númer eitt, númer 2.

### **2. Plastskirteini/skjöldur.**

Formaður SSS, leggur fram tillögu um að plastskirteini Leiðsagnar verði gefið út til allra sem greiða stéttarfélagsgjald – þetta skirteini er með lógói Leiðsagnar í grænum lit og svo er ártal aðildargjalds í breytilegum lit eftir árum. Annað plastskirteini er gefið út til fagmenntaðra leiðsögumanna. Allir sem greiða stéttarfélagsgjald og þeir sem greiða aðildargjald fá það skirteini.

### **3. Rafræn skirteini**

Rafrænt félagsskirteini. Gjaldalagi aðildargjalds er 28. febrúar n.k. Að liðnum þeim degi geta þeir félagsmenn sem búnir eru að greiða sótt um rafrænt skirteini.

### **4. Starfsemiskrifstofu – trúnaðarmál.**

Hér var rætt um skrifstofumál, sem eru trúnaðarmál og ekki sett í fundargerð.

### **5. Fyrirspurnir GME**

GME biður um frest til fram á næsta stjórnarfund til að ræða þessi mál Frestur samþykkur af öllum stjórnarliðum.

## 6. Önnur mál

Mál félagsmanns. Annars vegar er um að ræða póst sem Harpa Björnsdóttir, sem situr í fagráði sendi stjórn og trúnaðarráði 21. desember 2023. Þar segir hún að Sigrún Pálsdóttur, sem situr í sjúkrasjóði hafi brotið trúnað með því að birta tölvupósta stjórnar á Facebook. Ennfremur barst stjórn póstur frá tveimur félögum sem sitja í sjúkrasjóði ásamt SP og bera líka fram kvörtun um trúnaðarrest SP af sömu sökum. Formaður SSS, biður um leyfi stjórnar til að leita eftir lögfræðilegu álitum um hvort þarna hafi verið um trúnaðarrest að ræða. SAÁ segir betra að byrja á að hafa samband við Persónuvernd og ef hún segir þetta vera brot á persónuverndarlögum þá er ráð að fá álit lögfræðings. Stjórn heimilrar formanni að gera þetta.

Örstuttar umræður um viðræðunefnd og stöðu samningaviðræðna.

Fundi slitið kl. 20:56

Ritari: Hallfríður Þórarinsdóttir